



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 630

Litla- Brekka á Grímsstaðaholti



Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík
www.borgarskjalasafn.is/borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 630

Litla- Brekka á Grímsstaðaholti

Formáli

Litla-Brekka var torfbær sem stóð við Þormóðsstaðaveg á Grímsstaðaholti og var sá torfbær sem síðastur var rifinn í Reykjavík. Bærinn stóð á horninu á milli Suðurgötu og Eggertsgötu þar sem nú eru bílastæði við stúdentagarðana.

Litla-Brekka var endurbyggð úr torfi og grjóti árið 1918 sem og var algengur efniviður í torfbæjum á Suð-Vesturlandi. Timbur sem bærinn var þiljaður með að innan og í þaki var fengið úr kössum sem bílar höfðu verið fluttir inn í til landsins. Í bænum voru þrjú lítil herbergi og eldhús og lítil viðbygging. Bærinn var um 40-50 fm. að stærð. Þar bjuggu 8-9 manns þegar mest var. Þakið var bárujárnsklætt en lagt torfi og vegghleðslur úr torfi og grjóti en gaflar úr timbri. Bærinn var rifinn haustið 1980.

Ingibjörg Sólveig Jónsdóttir var fædd 27. júlí 1885 að Sæbóli í Garðahreppi. Foreldrar hennar voru þau Kristín Halldórsdóttir og Jón Eiríksson bæði ættuð úr Árnessýslu (Flóa). Þau hófu búskap 1895 þá að Sæbóli, en fluttu litlu síðar að Nýjabæ í Garði og bjuggu þar ávalt síðan. Jón lést 1937 og Kristín 1947. Ingibjörg var elst fjögurra systra, nú allar látnar.

Ingibjörg giftist 7. maí 1906, Sigurði Eyjólfssyni, sjómanni frá Nýjabæ í Landbroti V-Skaftafellssýslu fæddur 22. júní 1876, dáið 15. mars 1921. Þau eignuðust níu börn en sjö komust upp: Helgi Marís fæddur 30. ágúst 1906, Dáin 26. júlí 1981. Jón fæddur 15. mars 1908, dáið 15. desember 1980. Eðvarð Kristinn fæddur 18. júlí 1910, dáið 9. júlí 1983. Guðrún Bjarney fædd 30. september 1911, dáið 14. desember 1965. Guðríður fædd 14. mars 1914, dáið 11. júlí 1988. Addbjörg fædd 14. janúar 1918, dáið 6. júní 2000 og Sigríður fædd 26. ágúst 1921, dáið 5. september 2009.

Ingibjörg og Sigurður fluttust til Reykjavíkur haustið 1906 og að Litlu- Brekku í maí 1907.

Ingibjörg Sólveig Jónsdóttir andaðist 8. maí 1966 og Sigurður Eyjólfsson andaðist 15. mars 1921.

(Heimild: Handskrifað blað sem er í skjalasafninu og Morgunblaðið 13. maí 1966).

Afhending: Margrét Eiríksdóttir afhenti Borgarskjalasafni Reykjavíkur skjöl Litlu- Brekku, 15. febrúar 2018.

Innihald: Bréf, hjónavígslubréf, greinar, ljóð, ferðasögur, nótur, ljósmyndir, munir o.fl.

Tími: 1837-2012.

Magn: 7 öskjur.

Skjalaskrá

Askja 1

Bréfa- og málafn 1903-2008.

Örk 1

Bréf til elsku góða vinar frá Ingibjörgu S. Jónsdóttur, 21. júní 1903.

Brúðhjónavísur til Sigurðar Eyjólfssonar og Ingibjargar S. Jónsdóttur (pau giftu sig 7. maí 1906).

Grafskrift Sigurðar Eyjólfssonar, fæddur 22. júní 1876, dáinn 15. mars 1921, tvö eintök.

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Sigurði Eyjólfssyni helgaður grafreitir í Kirkjugarði Reykjavíkur, 22. marz 1921.

Fátækraneftnd Reykjavíkur. Sigurður Eyjólfsson fær leyfi til húsmennsku í Reykjavík, 29. september 1906.

Yfirlýsing Ingibjargar Sólveigar Jónsdóttur um að hún hafi selt og afsalað sér húsinu Litlu- Brekku á Grímsstaðaholti til bæjarsjóðs Reykjavíkur, 16. júní 1923.

Bréf til elsku mömmu frá Jóni Sigurðssyni, 4. desember 1924.

Bréf til elsku Elí? frá mömmu, 27. ágúst 1933.

Fermingarkort til Sigríðar Sigurðardóttur, 5. maí 1935, 3 kort.

Forseti Íslands. Hjónavígslubréf fyrir Eirík Þorleifsson og Sigríði Sigurðardóttur, 30. apríl 1948.

Skipsrúms- samningur og viðskiptabók. Samningur milli Guðmundar Guðmundssonar á „Garðari Þorsteinssyni“ og Eiríks Þorleifssonar sem ráðinn er sem kyndari, 22. júní 1948.

Bréf til kæru Ingibjargar (líklega Ingibjörg S. Jónsdóttir) frá Líney Guðmundsdóttur, 15. desember 1957.

Bréf til kæru systur frá Dögg, 29. október 1963.

Umslag sem á er ritað: Eðvarð Sigurðsson. Í því eru ýmsir reikningar frá árinu 1965.

Vélritað ljóð. *Í minningu Eðvarðs*, undirritað Helgi Seljan, án árs.

Handskrifað blað með upplýsingum um ætt og uppruna Ingibjargar Sólveigar Jónsdóttur.

Lítil veifa sem á stendur 1944.

Bréf til Ingibjargar frá Guðrúnu, 17. desember 1959. Með bréfinu er mynd af tveim konum og mynd af konu með barn í skínarkjól.

Afmæliskort til afa, pabba og tengdapabba frá Önnu Siggu, Hildi Eygló, Margréti og Einari, 23. maí 1976.

Minningarkort.

Blaðaúrklippa. Orðsending frá Sendisveinafélagi Reykjavíkur.

Kort til elsku systur frá Dögg, 23. ágúst án árs.

Örk 2

Ferðasaga. *Með Lýru til Bergen á leið til Stokkhólms*, í ágúst 1937. Höfundur ókunnur.

Æfingarskriftarbók, ýmislegt efni.

Norðurferðarbragur o.fl., án árs.

Kvæði, stökur,

Örk 3

Bræðrakvartett nótur og ljóð. Sigurbjörg Þorleifsdóttir og bræður fædd á Karlsskála við Reyðarfjörð.

Móðurminning: Á aldarafmæli Margrétar Þorseinsdóttur, kveðja frá einkadóttur, eftir Sigurbjörgu Þorleifsdóttur og Mannstu eftir Pál Þorleifsson.

Ljóð og stökur, eftir Sigurbjörgu Þorleifsdóttur (Bögg).

Örk 4

Eðvarð Sigurðsson.

Bréf til Eðvarðs Sigurðssonar frá Einari Olgeirssyni, 4. ágúst 1966.

Kostnaður við sumarfrí, 1947.

Teikning, líklega af Eðvarð.

Umslag

Á umslagið er ritað: *Hr. Eðvarð Sigurðsson formaður Dagsbrúnar Vífilssstaðahverfi. Myndir teknar í Tugthúsinu við Skólavörðustíg. Andólmenn gegn hersetu.*

Ljósmyndir úr Tugthúsinu, 4 myndir.

Ljósmyndir af húsi sem á stendur Apótek, 2 myndir.
Ljósmynd af bókaskáp, Þjóðviljanum og tösku.
Ljósmynd af Eðvarð Sigurðssyni í ræðustól.
Hópmýnd, tekin á 4. þingi S.U.K. (Samband ungra kommúnista), 1931.
Umslag. Myndir af Eðvarð Sigurðssyni frá ýmsum tímum.
Umslag. Myndir af Eðvarð Sigurðssyni og fleirum frá ýmsum tímum. Elsta myndin frá 1931.
Kodak umslag. Myndir frá afmæli Dagsbrúar og veru í Ölfusborgum, 1966.
Afmælis- og minningargreinar um Eðvarð Sigurðsson, 1970 og 1983.

Örk 5

Sigríður Sigurðardóttir og Eiríkur Þorleifsson.
Bréf, vegabréf Sigríðar, skeyti, jólakort, minnisblöð og ferðasaga til Ljubljana 1962-2008.
Minningargrein og grafskrift Magnúsar Þorleifssonar, 1999. Grafskrift Sigurbjargar Þorleifsdóttur, 1999.
Grafskrift Stefáns Þorleifssonar, 2001. Grafskrift Þóris Þorleifssonar, 1991. Minningargrein um
Þorstein Einarsson Skiphóli í Garði, 1992. Blaðaúrklippa frá Keflavíkurgöngu, mynd af Eiríki
Þorleifssyni, 1976.
Jólakort til Siggu minnar frá Eðvarði, án árs.

Prentað mál

Askja 2

Prentað mál 1837-1987.

Jón Þorkellsson Vídalín. *Húss- Postilla*, 1853.
....? = *Offur eða fjórtán heilagar hugleiðingar*, bók, 1837.
B. Halldórsson. *Bæn á skírdag og sumardag*, 1859. Handritað.
Sagan af Nikulási leikara, slitruð úr bók, án árs. Handritað.
Sigursveinn D. Kristinsson. *Martius*, nótur, án árs.
Kosningahandbækur, 1959-1987, bækur vantar inn í.
Lög og stefnuskrá samtaka herstöðvaandstæðinga, 1976.

Askja 3

Prentað mál 1927-1956.

Jóhanna Sigurðardóttir. *Matreiðslubók: Með heilsufræðilegum inngangi* eftir Steingrím Matthíasson, 1943.
Philips' War Map of Europe.
Íbúaskrá. Gnoðavogur og Sunnuvegur.

Mappa

Á hana er ritað: Eiríkur Þorleifsson. Í henni eru: *Ljóð og lög 50 söngvar handa samkórum*, 1956.
Björgvin Guðmundsson: *Áttatíu og átta kórlög*, 1948. *Íslandsljóð* 1948. Bjarni Þorsteinsson: *24 sönglög fyrir fjórar karlmannaraddir*, 1927. Björgvin Guðmundsson: *Friður á jörðu*, 1944.
Hallgrímur Pétursson: *Passíusálmar*, 1944.

Askja 4

Prentað mál og ljósmyndir 1930-2006.

Umslag

Á umslagið er ritað: *Tæknirit Rafvirkja og Rafvélavirkja og Löggildingarskilyrði Rafmagnsveitu Reykjavíkur* 1969.
Í umslagi: *Lög og reglur félags íslenskra Rafvirkjameistara.*
Reglugerð Lífeyrissjóðs Rafiðnaðarmanna, 1970.
Löggildingarskilyrði rafmagnsmannvirkja á orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur, 1959.
Tæknirit Rafvirkja og Rafvélavirkja, 1972.

Örk 1

Grafskriftir og minningagreinar, 1983-2006.

Ljósmyndir

Kodakkassi með ljósmyndum. Holtið, fjölskyldan í Litlu- Brekku, ljósmyndari er Eðvarð Sigurðsson. Flestar myndirnar eru merktar.

Örk 2

Litla- Brekku fjölskyldan (handritaður miði fylgir myndunum).

Mynd af manni: Sigurður Eyjólfsson, Litlu- Brekku, án árs.

Mynd af konu og barni: Ingibjörg Sólveig Jónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir, án árs.

Mynd af Ingibjörgu og börnum hennar. Fremri röð frá vinstri: Eðvarð, Guðrún, Guðríður, Addbjörg og Sigríður í fangi Ingibjargar. Aftari röð: Helgi, Marís og Jón.

Mynd af Sigurði Eyjólfssyni og Ingibjörgu S. Jónsdóttur, Litlu- Brekku, án árs.

Mynd af Ingibjörgu S. Jónsdóttur, án árs.

Umslag

Hópmynd. Ingibjörg S. Jónsdóttir í Litlu- Brekku lengst til hægri í fremri röð, 2 myndir án árs.

Hópmynd. Ingibjörg S. Jónsdóttir í upphlut í fremstu röð lengst til vinstri, án árs.

Hópmynd úr veislu, án árs.

Mynd af Guðrúnu Sigurðardóttur í Litlu- Brekku, án árs.

Tvær myndir af þrem konum, Guðrún Sigurðardóttir í Litlu- Brekku, Karlotta Jónsdóttir í Hruna og Petrína Jakobsson, án árs.

Mynd af Símoni Eiríkssyn, bróður Jóns afa í Nýjabæ. Bjó í Keflavík, án árs.

Mynd af Þórði Helgasyni, Didda, án árs.

Örk 3

Alþýðukórinn. Stjórnandi Sigursveinn D. Kristinsson, 3 myndir án árs.

Umslag nr. 1. Á það er ritað: Litla- Brekka (1960-1974 og án árs). Í því eru þrjú umslög.

Umslag A

Vetrarmynd af Litlu- Brekku. Aftan á hana er ritað: Litla- Brekka (Hólabrekka og Kvöldroðinn), án árs.

Tvær myndir af Litlu- Brekku, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Ingibjörg J í Litlu- Brekku- stórafmæli 70-75?, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Við Litlu- Brekku, systkinin Svala og Eðvarð að stinga upp kratöflugarðinn rétt uppúr 1950, 2 myndir án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Guðrún úti á hlaði við Litlu- Brekku, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Guðrún Sig. húsfr. í Litlu- Brekku + Benjamín í Urðarhól- nágranni, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Guðrún í Litlu- Brekku að dást að blómum í garði sínum, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Litla- Brekka, Marís Sig. frá LB og kona hans Sigprúður, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Guðríður Sig. frá Litlu- Brekku + óþekktur, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Eðvarð Geirsson, án árs.

Hópmynd. Aftan á hana er ritað: Fjölsk. Litlu-B. Fremri röð: Sigprúður „Bíbí“, Eðvarð Geirs og Ingibjörg Jónsdóttir. Aftari: Guðríður, Sigríður, Guðrún og Eðvarð, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Svala, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Heima í Litlu- Brekku, f.v. Eðvarð Geirsson, Hafsteinn Guðjónsson, Svala Ernestdóttir, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Settar niður kartöflur v. Litlu- Brekku líklega 17. júní?, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Hugsanleg lagning Suðurgötu, Litla- Brekka fyrir miðri mynd, án árs.

Tvær myndir úr eldhúsi merktar sept. 1965 og ein úr stofu merkt sept. 1966.

Umslag B

Mynd. Aftan á hana er ritað: Eðvarð Geirsson uppi á bílskúr v/ Litlu- Brekku, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Systkinin Svala og Eðvarð skoða bilaðan vörubíl við húshornið á Litlu- Brekku, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Óþekkt og Svala, án árs.

Mynd. Aftan á hana er ritað: Svala Ernestdóttir, án árs.

Mynd af manni, óþekktur, án árs.

Mynd af blómagarði fyrir utan Litlu- Brekku, án árs.

Mynd úr stofu merkt sept. 1966.

Mynd úr stofu af jólatré merkt ágúst 1960.
Þrjár myndir úr eldhúsi og ein úr stofu, merktar febrúar 1966.
Þrjár myndir af Litlu- Brekku, ein eldri og tvær um 1964-1966-7.

Umslag C

Mynd. Aftan á hana er ritað: Ingibjörg í Litlu- Brekku, án árs.
Mynd. Aftan á hana er ritað: Ingibjörg Jónsdóttir og Guðrún Sig. við útidyr Litlu- Brekku, án árs.
Mynd. Aftan á hana er ritað: Eðvarð Geirsson, Sigurður Jónsson, Svala Ernstdóttir á gluggadekkinu á Litlu- Brekku, án árs.
Mynd. Aftan á hana er ritað: Jólabærinn Litla- Brekka, án árs.
Fjórar myndir af Litlu- Brekku, án árs.
Mynd af jólatré, líklega í Litlu- Brekku, án árs.
Tvö jólakort með myndum af Litlu- Brekku, án árs.
Mynd af Litlu- Brekku, sést í Hólabrekku til vinstri og fjölbýlishúsið á Fálkagötu, án árs.
Mynd af Litlu- Brekku við Suðurgötu, bygging stúdentagarða í baksýn, aftan á henni stendur: 4. júní 1974.
Filma. Á hana er ritað: Myndir úr Litlu- Brekku og uppi á spítala, Gunna Svala skírinn, án árs.

Umslag 2

Mynd af Guðmundi, Hrefnu, Guðjóni og ?, án árs. Tvær myndir.
Mynd af Sigríði Jónsdóttur og Einari Sigurðssyni og börnum, án árs.
Myndir af Stebba, án árs, tvær myndir.
Myndir af Guðný Guðjónsdóttur? eða Margréti Guðjónsdóttur?, án árs.
Mynd af Guðríði Sig. í Nýjabæ í Garði, merkt september 1966.
Mynd úr Reykjavík, gæti verið tekin á 17. júní, merkt september 1966.

Umslag 3

Myndir og filmur frá Alþingishátíðinni 1930 o.fl., heyskapur og ferðalag.

Umslag 4

Myndir frá Arnarvatnsheiði og Bakkabræðrum, líklega 1962-1963, merkt 1963 og 1965.

Umslag 5

Myndir teknar 1964. Ferðalag ef til vill í Skaftafellssýslu og myndir af börnum (Palli og Ebbi)?

Umslag 6

Myndir og filmur. E.S. (Eðvarð Sigurðsson?) Ferðalag á Vestfjörðum- Selárdal o.fl., 1975-1980.

Umslag 7

E.S. Oslóarferð, Guðrún Bjarnadóttir, án árs.

Umslag 8

E.S. Myndir úr ferðalagi á Ísl. m.a. Víkingaskáli, Skagafjarðar- og Þingeyjasýsla, án árs.

Umslag 9

Eðvarð. Sumarfrí, ferð um Austfirði, 1972-1973.

Umslag 10

Eðvarð/ Guðrún: Ýmsar myndir af okkur m.a. jólamyndir, án árs.

Umslag 11

Myndir. Brekkukot o.fl., sumarfrí, ferð um Norðurland, án árs.

Umslag 12

Myndir og filmur frá ferð um Austur- Þýskaland, 1976.

Askja 5

Ljósmyndir 1940-2001.

Umslag 13

Myndir úr sumarfríi, Skaftafellssýsla og Þjórárdalur, 1971.

Umslag 14

Eðvarð- Guðrún. Myndir úr sumarfríi, Austurland, 1972.

Umslag 15

Myndir úr Hekluferð, Eiríkur, Sigríður, Eðvarð, Helgi o.fl., 1947.

Umslag 16

Kröfuganga í Reykjavík, hátíðarhöld í miðbæ Reykjavíkur, án árs.

Umslag 17

Myndir og filmur. Ferð á jökul, lestarferð með hesta, Skaftafellssýsla? og Þórsmerkurferð, án árs.

Umslag 18

Guðrún Sigurðardóttir. Ungt fólk af Grímstaðaholti, ferð á Helgafell og Krýsuvík, án árs.

Umslag 19

Myndir og filmur, Fjölskyldan Holti, án árs.

Umslag 20

Myndir og filmur, óþekkt, án árs.

Umslag 21

Mynd af *Andvara* RE 8 og myndir líklega frá skátamóti á Þingvöllum, án árs.

Umslag 22

Tvær myndir frá Grímsstaðaholti. Togarinn Ingólfur Arnarson. Útifundur? Hópmynd af mönnum. Maður með hest o.fl. Mynd af fólki fyrir framan bóndabæ. Hópmynd- aftan á hana er ritað: Eðvarð Sig. 2. frá vinstri.

Umslag 23

Myndir og filmur. Landmannalaugar/ Veiðivötn 1946. Á miða sem fylgir er ritað: Hópurinn var ferjaður yfir Tungnaá og gekk þaðan með allan útbúnaðinn inn í Veiðivötn. Í ferðinni voru a.m.k. Eðvarð Sigurðsson, Sigríður Sigurðardóttir, Halldór Jakobsson og Eiríkur Þorleifsson.

Umslag 24

Myndir og filmur. Hópur ungs fólks af Grímstaðaholti á ferðalagi í Landmannalaugum og Klaustri 1942 eða 1943.

Umslag 25

Myndir af Bakkabræðrum á Arnarvatnsheiði, 1940-1950.

Umslag 26

Myndir úr Landmannalaugum 1947.

Umslag 27

Myndir úr Árbrekku, Litla- Brekka, Eðvarð, Svala, Siggí o.fl. börn, 1955 og án árs. Flestar myndirnar eru merktar.

Umslag 28

Mynd af Margréti Magnúsdóttur. Mynd af Hannesi pósti á Núpstað. Mynd af konu og fimm mönnum.

Umslag 29

Ýmsar myndir, ómerktar, 1974 og án árs.

Umslag 30

Myndir af fjölskyldu, ómerktar og án árs.

Umslag 31

Myndir af börnum og blómum, líklega afmæli, án árs.

Umslag 32

Myndir og filmur. Eldri borgarar í Furugerði, 1997. Ljósmyndari Sig. Sig.

Umslag 33

Ýmsar myndir og filmur. Reykjavík, hús, náttúra, jólamynd o.fl., 2001 og án árs. Sumar myndirar eru merktar.

Filmur

Umslag 34

Ferð í Veiðivötn og Landmannalaugar, 1946.

Umslag 35

Nýjabæjarsystur.

Umslag 36

Þórsmörk.

Umslag 37

Tukthúslimir.

Umslag 38

Grímsstaðir, Þingvellir o.fl.

Umslag 39

Reykjavíkurmyndir.

Umslag 40

Austur- Þýskaland eftir afmælið 1980.

Umslag 41

Af Brekkunni, fjölskyldan o.fl.

Umslag 42

Jólin 1975.

Umslag 43

Litla- Brekka, Lambastaðir í Garði o.fl.

Umslag 44

Á Arnarvatnsheiði.

Umslag 45

Dagsbrún afmæli, Litla- Brekka og veiðiferð.

Filmuhylki 46

Myndar af nýútskrifuðum kennurum með meiru.

Filmuhylki 47

Snæfellsnes. Myndir teknar á Íslandi meðal annars í Brekkunni, 1. september 1956.

Filmuhylki 48

Frá Brúarhlöðum og Rússlandi.

Filmuhylki 49

Myndir frá Reykjavík, garður við Litlu- Brekku og Kaupmannahöfn?

Afgacolor kassi 50
Myndir af Svölu og strákunum.

Kodak kassi 51
Ýmsar filmur.

Askja 6

Myndaalbúm 1935-2012.

Albúm 1
Landslagsmyndir, líklega allar frá Íslandi, án árs og ómerktar.

Albúm 2
Myndir teknar á ferðalagi erlendis, 2012.

Albúm 3
Myndir teknar á ferðalagi erlendis, 2012.

Albúm 4
Myndakassi, ýmsar myndir líklega frá Eðvarði Sigurðssyni, án árs og ómerktar.

Albúm 5
Ýmsar myndir, án árs og ómerktar.

Albúm 6
Myndir úr ferðalögum innanlands og erlendis (ferðalag til Moskvu 1935), margar myndirnar eru merktar.

Askja 7

Ljósmyndir og munir 1959-1987.

Kassi með myndum.
Líklega flestar myndir frá Sigríði Sigurðardóttur, afmælis- og jólakort, síða úr vegabréfi Sigríðar frá 1987, blaðaúrklippur og mynd frá Króaseli 1979, umslög með myndum frá 1963 og 1964, myndir úr veislu o.fl.

Munir

Munir frá Eðvarð Sigurðssyni:

Eldspýtustokkur.
Bréfastressa með mynd af Lenin.
Gylltur kassi. Í honum er: Vasaúr, kveikjari, lögreglumerki með áletruninni *Með lögum skal land byggja* og tveir hnappar.
Trékassi með útskornu loki. Í honum eru ýmis merki.
Trékassi með áletruninni *OSTSEE WOCH*. Í honum er erlent mynt og leðurpungur með lykli og erlendri mynt.
Útsaumuð húfa.
Grænt peningaveski sem á stendur Eðvarð Sigurðsson.
Brúnt peningaveski.
Diskur sem á stendur *LO 1899 1. apríl 1959*.

Skráð í nóvember 2018
Gréta Björg Sörensdóttir